



LÖGREGLUSKÓLI RÍKISINS

Krókhálsi 5a • 110 Reykjavík • Sími 577 2200 • Fax 577 2201

Alþingi
Erindi nr. E 135/2717
komudagur 14.5.2008

Reykjavík, 8. maí 2008

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Tillaga til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda.

Lögregluskóli ríkisins vísar til bréfs félags- og tryggingamálanefndar Alþingis, dags. 22. apríl sl. þar sem skólanum er send til umsagnar tillaga til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda, sem lögð hefur verið fram á Alþingi, 535. mál.

Samkvæmt tillögunni eru tilgreind verkefni stjórnvalda sem unnið skal að til að tryggja réttindi íbúa af erlendum uppruna, aðgang þeirra að opinberri þjónustu og aðlögun.

Vísað er til þess að liður 7 ber yfirskriftina Ríki og sveitarfélög sem atvinnurekendur. Þar eru tveir undirliðir sem varða Lögregluskóla ríkisins og hér að neðan í stuttu máli vikið að viðhorfi Lögregluskóla ríkisins til þess.

Liður 7.7

Fjölgun starfsmanna lögreglu með fjölmenningsbakgrunn.

Lögregluskóli ríkisins tekur undir þetta og bendir á að þegar hafa verið stigin skref í þessa átt. Þannig var í auglýsingu Ríkislögreglustjórans, dags. 30. mars sl., þar sem auglýst er f.h. Lögregluskóla ríkisins eftir nýnemum til að stunda grunnám lögreglu haustið 2008 og vorið 2009, sérstaklega tekið fram að það sé góður kostur ef umsækjendur hafa fjölpjódlega reynslu. Með þessu er lögð áhersla á fjölbreytileika við val á lögreglumannsefnum sem a.ö.l. uppfylla almenn hæfisskilyrði sem sett eru til að mega stunda námið.

Þess má og sérstaklega geta að í grunnnámi lögreglu eru haldnir fyrirlestrar um menningarmun og fjölmenningu.

Í þessu sambandi skal tekið fram að á vegum Lögregluskóla ríkisins fer ekki fram val á öðru starfsfólki innan lögreglu en lögreglumannsefnum.

Liður 7.8

Námskeið í Lögregluskóla ríkisins um málefni útlendinga.

Á haustönn 2008 lýkur samstarfsátaki Lögregluskóla ríkisins, Ríkislögreglustjórans og Lögreglustjórans á Suðurnesjum sem keyrt hefur verið með stuðningi dómsmálaráðuneytisins til að efla sérfræðipækkingu þeirra lögreglumanna sem vinna sérstaklega að málefnum útlendinga hvað varðar eftirlit á landamærum og innanlands. Átakinu lýkur með því að haldið verður þriðja og síðasta námskeiðið á jafn mörgum árum um málaflokkinn. Á þessum sérnámskeiðum, sem hvert um sig hafa verið vikulöng, auk starfsþjálfunar og heimsókna til erlendra lögregluliða, hefur verið lögð áhersla á fjölmenningu, mannréttindi og gildandi rétt.

Meðal leiðbeinenda á námskeiðum hafa, auk sérfræðinga innan lögreglunnar, m.a. verið fyrirlesarar frá Alþjóðahúsinu og Útlendingastofnun.


Í langtímaátætlun Lögregluskóla ríkisins 2007- 2011, sem dómsmálaráðherra hefur samþykkt, er lýst yfir vilja til þess að auka enn við framangreinda fræðslu og forráðamenn skólans hafa vilja til að efla fjölmenningsfræðslu almennt í lögreglunni.

Á vegum framhaldsdeildar Lögregluskóla ríkisins er starfandi sérstakur starfshópur sem er stofnuninni til ráðgjafar en fundað er reglulega um málefni deildarinnar. Áhugi er á því að viðra hugmynd um að í skólanum og hjá lögregluliðum utan höfuðborgarsvæðisins, verði haldin á næsta hausti og á vorönn 2009 stutt fjölmenningsnámskeið fyrir lögreglumenn. Líklega verður leitað samstarfs við sérfræðinga sem skólinn hefur góða reynsla af að vinna með, frá Alþjóðahúsi og Inter Cultural Iceland, en líklegt er að þetta gæti tekið til allt að 250 lögreglumanna.

Þess má geta að árin 2001 og 2002 hélt Lögregluskóli ríkisins fjölda sérnámskeiða sem nefndust „Lögreglan og nýbúar“. Þau voru haldin í samstarfi við Miðstöð nýbúa sem svo hét og síðar Guðrúnu Pétursdóttur, félagsfræðing og túlk.

Á grunnnámskeiðum sem haldin eru reglulega fyrir rannsóknarlögreglumenn hefur verið boðið uppá fyrirlestur sem kallast „Að vinna með túlkum“. Inntak þess fyrirlesturs er að auka skilning rannsókna á menningarmun og hentugri aðferðarfræði við vinnu með túlki. Haldið verður áfram að þróa þá vinnu og jafnvel efnt til sérnámskeiða um yfirheyrslur með aðkomu túlka.

F.h. Lögregluskóla ríkisins


Arnar Guðmundsson, skólastjóri